




Reykjavíkurborg



ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR

Frístundaakstur 2018

Skýrsla starfshóps

8. janúar 2019

Starfshópin skipa:

Guðrún Kaldal, forstöðumaður frístundamiðstöðvarinnar Frostaskjóls, SFS

Kjartan F. Ásmundsson frá ÍBR

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnastjóri á frístundahluta fagskrifstofu SFS

INNIHALD

Samantekt á frístundaakstri félaganna 2010-2018	2
Áskoranir	5
Tillaga	6
Glímufélagið Ármann og Knattspyrnufélagið Þróttur	6
Íþróttafélagið Fylkir	8
KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ FRAM	10
Ungmennafélagið Fjölnir	12
Knattspyrnufélag Reykjavíkur	14
Knattspyrnufélagið Valur	15
Knattspyrnufélagið Víkingur	17
Íþróttafélag Reykjavíkur	18
Fylgiskjal 1: Minnisblað nefndar um frístundasamgöngur	20
Fylgiskjal 2: Erindi frá Ármanni, Þrótti, Fylki og Val	24
Fylgiskjal 3: Ósk um aukið fjármagn til frístundaaksturs vegna fylgdar, nóvember 2018	25
Fylgiskjal 4: Niðurstöður viðhorfskönnunar skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur meðal foreldra barna á frístundaheimilum vor 2017 (og samanburður við 2015 og 2012)	27
Fylgiskjal 5: Minnisblað til framkvæmdastjórnar skóla- og frístundasviðs með skýrslu um frístundaakstur 2012	33
Fylgiskjal 6: Minnisblað Ragnars Þorsteinssonar, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, til skóla- og frístundaráðs	34
Fylgiskjal 7: Minnisblað til framkvæmdastjórnar skóla- og frístundasviðs vegna samgangna barna og unglinga	36
Fylgiskjal 8: Drög að verklagsreglum um frístundaakstur hverfisíþróttafélaganna í Reykjavík	38

Valur og Víkingur voru fyrst félaganna í Reykjavík til að bjóða upp á frístundaakstur en síðan bættust Próttur, Fram og KR fljótlega við. Í flestum tilfellum var um skutl frá frístundaheimilum að æfingaaðstöðu að ræða.

Á fundi Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur þann 12. janúar 2010 var samþykkt eftirfarandi tillaga:

Íþrótt- og tómstundaráð felur framkvæmdastjóra að vinna að útfærslu frístundasamgangna í hverfum borgarinnar með hliðsjón af minnisblaði ÍTR og Íþróttbandalags Reykjavíkur um málið frá 2. desember 2009. Í þeim tilvikum, sem íþróttæfingar og æskulýðsstarf eru fyrir kl. 16:30 á daginn og starfið er utan göngufæris fyrir börn á frístundaheimilum, verði leitast við að gera íþróttafélagi kleift að flytja börnin á æfingar eða í starfið með svokölluðum frístundastrætó. Rætt verði við eftirtalin íþróttafélög í þessu skyni: Fram, Fylki, Knattspyrnufélag Reykjavíkur, Val, Víking, Prótt, Ármann, Íþróttafélag Reykjavíkur og Fjölni.

Sjá nánar minnisblað í fylgiskjali 1.

Í byrjun ársins 2010 þegar borgin ákvað að styrkja öll hverfisíþróttafélögin að ákveðnum skilyrðum uppfylltum þá bættust Fylkir og Ármann við. Áður höfðu félögin fjármagnað þetta með hækkun æfingagjalda, rúkkun fyrir akstrinum og styrkjum en það létti undir með félögunum þegar að borgin viðurkenndi mikilvægi akstursins. Fjármagnið sem fór frá borginni í þetta verkefni voru 10 milljónir. Árið 2013 kom fram ósk frá félögunum að þessa upphæð þyrfti að hækka vegna aukins kostnaðar við aksturinn (sjá fylgiskjöl 5 og 6). Það var svo ekki fyrr en árið 2017 sem styrkur borgarinnar til verkefnisins hækkaði í 20 milljónir.

Hefðbundinn frístundaakstur fer þannig fram að félögin semja við rútuþyrirtæki um akstur frá frístundaheimilunum í aðstöðu félaganna. Starfsfólk frístundaheimilanna fylgir börnunum í rúturnar og starfsfólk félaganna tekur við þeim við íþróttaaðstöðuna. Þegar mörg börn eru að fara frá sama frístundaheimilinu hefur í sumum tilfellum verið hægt að láta starfsfólk frístundaheimilanna fara með í rúturnum.

Haustið 2010 ákvað ÍR að nálgast þetta verkefni með öðrum hætti, þ.e. færa íþróttaiðkunina í meira mæli nær iðkendunum og skipuleggja æfingarnar í meira mæli í skólaíþróttasölum. Ekki ósvipuð hugmyndafræði og gagnvart íþróttaskólanum sem settur var á laggirnar fyrir börn í 1. bekk samhliða frístundaheimilunum árið 2002. Styrkurinn fór í það að greiða þjálfurum laun og að skipuleggja starfið. Þessi tilraun skilaði sér ekki í þeim aukna fjölda iðkenda sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Það var óhagkvæmt að halda þessu úti enda þjálfarakostnaður hlutfallaslega allt of hár þegar halda þyrfti úti fámennum hópum. Haustið 2011 reyndi ÍR í samvinnu við Leikni að bjóða upp á hefðbundinn frístundaakstur. Þá lá vandinn að hluta til í því að stoppin voru mörg

og foreldrar treystu ekki börnunum til að fara út á réttum stað. Að mestu var um hringakstur að ræða og nokkuð löng bið í vögnunum. Frá haustinu 2013 hefur ÍR boðið upp á æfingar í Austurbergi fyrir yngsta hópinn í handbolta, körfubolta, skíðum, frjálsíþróttum, keilu og knattspyrnu stúlkna en æfingar í knattspyrnu drengja eru við Skógarsel. Miðberg starfrækir frístundaheimili í kjallara Austurbergs, Undirheimum, en þar dvelja krakkarnir þegar þau eru ekki á æfingum. Frístundaleiðbeinendur frá Miðbergi starfa í frístundaheimilinu í Undirheimum en ÍR útvegar húsnæðið. Eitt æfingagjald er greitt en æfingar eru frá kl. 15-17. Þannig geta börnin æft alla daga en boðið er upp á akstur frá öllum frístundaheimilum í Breiðholti sem ekki eru í göngufæri.

Fjölirnir líkt og ÍR höfðu áhuga á að fara aðrar leiðir og nýta sér almenningssamgöngur til að koma börnum frá frístundaheimilum á æfingar. Fyrsta hugmyndin var að nýta fjármagnið í að ráða starfsfólk til að aðstoða börnin í að komast í og úr strætisvögnum. Það gekk ekki upp þar sem að erfiðlega gekk að fá starfsfólk í að vinna í strætisvögnunum. Síðan var ákveðið að bjóða upp á einn vagn sem gekk um allan Grafarvog og sótti iðkendur á æfingar. Það gekk ekki heldur upp þar sem að þau börn sem lengst þurftu að fara með honum þurftu að bíða í allt að 50 mínútur í vagninum. Þá var ákveðið að reyna að bjóða upp á tvo vagna en kostnaðurinn vegna þessa jókst það hratt að það stóð ekki undir sér. Á þessum tíma var mikið fundað með forsvarsmönnum Strætó bs. og reynt að finna leið til að fá iðkendur til að nýta sér strætó í meira mæli. Leið sex var nýtt fyrir hluta hverfisins á meðan að Fjölirnir stóð fyrir akstri í norðurhluta Grafarvogs. Helsta gagnrýnin á það fyrirkomulag var mismunun gagnvart þjónustu við iðkendur. Fjölirnir og Gufunesbær hafa lengi stefnt að því að fara svipaða leið og ÍR og Miðberg, þ.e. bjóða upp á íþróttافرístundir í Dalhúsum og Egilshöll. Fjármagnið hefði verið nýtt fyrir hefðbundna frístundavagna. Frá hausti árið 2017 hefur Fjölirnir ráðið starfsfólk í að fylgja börnum frá frístundaheimilunum í Grafarvogi á æfingar í Egilshöll. Fjölirnir fær sinn hluta af styrknum frá borginni til að greiða starfsfólkinu og foreldrar eru hvattir til að kaupa árskort í strætó fyrir börnin sín. Breytingin á aðstöðu Fjölris, fjölgun iðkenda og svo á leiðarkerfi Strætó hefur gert þetta mögulegt.

Haustið 2013 hvatti nefnd um frístundaaksturs til þess að gerð yrði stefna um ferðavenjur barna og unglinga í Reykjavík sem hefði það að meginmarkmiði að börn og unglingar velji í auknu mæli að ganga, hjóla eða taka strætó til að fara ferða sinna (sjá fylgiskjal 7).

Á heildina litið hefur frístundaaksturinn gengið vel og hefur hann haft marga góða hluti í för með sér eins og aukna þátttöku, betra aðgengi, jafnari þátttöku milli íþróttagreina, aukna samfellu í degi barnanna og betri nýtingu á mannvirkjum. Það má því með sanni segja að frístundaaksturinn hafi sannað sig svo um munar. Hverjum hefði dottið það í hug að sprenging yrði í þátttöku í gömlum hverfum eins og til dæmis Valshverfinu og Víkinni? Þar var þátttaka svo

lítil að félögin voru farin að treysta á nýliðun í til dæmis afreksstarfið frá öðrum félögum. Í dag eru flestar deildir að njóta ávaxta erfiðsins. Deildir eins handknattleikur í Víking og Val hafa bætt verulega við sig. Einnig hefur þátttakan aukist í öðrum greinum. Tilkoma frístundaakstursins hefur leitt af sér að börnin eru í auknu mæli búin með sinn skóla- og frístundadag þegar foreldrar þeirra ljúka sínum vinnudegi og foreldrar þurfa í minna mæli að skutla börnum sínum á æfingar. Gera má ráð fyrir því að slíkt fyrirkomulag leiði til meiri samveru foreldra og barna og aukinna lífsgæða fjölskyldna. Samkvæmt foreldrakönnun frístundaheimilanna á vorönn 2017 finnst 87% foreldra ganga vel að samræma dvöl barna sinna á frístundaheimili við annað skipulagt frístundastarf. Að auki leiðir frístundaaksturinn af sér betri nýtingu á íþróttaaðstöðu félaganna, þar sem hægt er að byrja æfingar fyrir þennan aldurshóp fyrr á daginn en ella.

Samkvæmt viðhorfskönnun foreldra barna á frístundaheimilum árið 2017 nýta 43% barna sem fara á íþróttæfingar á starfstíma frístundaheimila sér frístundaakstur. Þar af eru 37% foreldra ánægðir með aksturinn en 6% eru það ekki. Í 30% tilfella er ekki boðið upp á akstur og 27% nýta ekki aksturinn sem er í boði. Sjá nánar í töflu hér fyrir neðan og ýtarlegri niðurstöður úr sömu könnun í fylgiskjali 4. Svarhlutfall í könnuninni var 63%. Skv. henni nýta á bilinu 700-800 börn sér þennan akstur.

Nýtir barnið frístundaakstur/rútur íþróttafélaganna vegna æfinga frá frístundaheimili barnsins?

		Frequency	Percent	Valid Percent	Cumulative Percent
Valid	Er ekki boðið upp á akstur	321	14,6	30,3	30,3
	Nei nýtir hann ekki	283	12,9	26,7	57,1
	Já er ánægður með þá þjónustu	392	17,9	37,1	94,1
	Já en er óánægður með þá þjónustu	62	2,8	5,9	100,0
	Total	1058	48,2	100,0	
Missing	0	1135	51,8		
Total		2193	100,0		

ÁSKORANIR

Haustið 2017 sendu íþróttafulltrúar Fylkis, Vals, Þróttar og Ármanns frá sér erindi þar sem vakin er athygli á þörfinni fyrir aukinni gæslu (starfsmanni) í rútunum (sjá fylgiskjal 2). Í kjölfarið hélt nefnd um frístundaakstur fund með íþróttafulltrúum allra hverfisfélaganna og forstöðumönnum og öðrum stjórnendum frístundaheimilanna í desember 2017. Þar var rædd þörfin fyrir þessum aukna stuðningi og skýrari verklagsreglum í kringum aksturinn. Einnig kom fram að þörf væri á að skýra upp hver ber ábyrgð á börnunum í frístundaakstrinum og áður en þau mæta á æfingar. Drög að verklagsreglum fyrir frístundaaksturinn er í vinnslu (sjá fylgiskjal 7). Ekki er komin niðurstaða í það hvernig verklagsreglurnar munu endanlega líta út, en það mun m.a. fara eftir því hvort tillaga nefndarinnar verður samþykkt. Nefnd um frístundaakstur sendi inn bréf til framkvæmdastjóra ÍTR í nóvember 2018 þar sem óskað var eftir auknu fjármagni til fylgdar í vögnunum fyrir árið 2019 (sjá fylgiskjal 3). Í desember 2018 fóru fulltrúar nefndar um frístundaakstur inn á fund menningar-, íþróttar og tómstundaráðs til að fylgja eftir þessu minnisblaði. Á fundinum var óskað eftir ítarlegri upplýsingum um aksturinn og var þessi skýrsla tekin saman af því tilefni. Eftir þessa samantekt setur nefndin fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga

Fáið fjármagn til að auka öryggi og eftirlit með börnum í frístundaakstri (sbr. fylgiskjal 3) verði því úthlutað til þeirra félaga sem ekki eru með útibú frá frístundaheimilunum í aðstöðu sinni og starfsfólk frístundaheimilanna starfar við. Félögin fái fjármagn til þess að ráða starfsfólk til að taka á móti börnunum í vögnunum, fylgja þeim á æfingar, leiðbeina þeim og styðja þau þangað til þjálfari tekur við þeim. Eins og staðan er í dag færi þá viðbótarfjármagnið til Fylkis, Vals, Fram og Þróttar/Ármanns. Hjá KR, ÍR og Víking eru starfrækt útibú frá frístundaheimilunum sem starfsfólk frístundaheimilanna starfar við.

Hér að neðan eru frekari upplýsingar um aksturinn haustið 2018 hjá hverju og einu félagi en hafa ber í huga að félögin og hverfin eru eins misjöfn og þau eru mörg. Öll félögin vinna í góðu samstarfi við frístundamiðstöðvar, þjónustumiðstöðvar og fleiri aðila svo að þetta verkefni megi dafna sem best.

GLÍMUFÉLAGIÐ ÁRMANN OG KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ ÞRÓTTUR

Þróttur og Ármann hafa boðið upp á frístundarútu á æfingar fyrir yngstu iðkendur sína. Um er að ræða iðkendur sem eru í 1., 2., 3. og 4. bekk.

Foreldrar skrá börn sín í aksturinn og það sem þarf að koma fram er eftirfarandi: Nafn iðkanda, kennitala, frá hvaða frístundaheimili kemur viðkomandi iðkandi, hvaða ferðir mun viðkomandi koma til með að nýta sér og nafn foreldra og símanúmer. Eftir æfingar eru svo börnin á ábyrgð foreldra. Byrjað var að rukka fyrir aksturinn haustið 2013 en aðalstjórnir félaganna tóku á sig hluta af kostnaðinum til að byrja með. Í dag er rukkað 17.000 kr. fyrir báðar annir.



Félag	Fjöldi	Drengir	Stúlkur	1.bekkur		2.bekkur		3.bekkur		4.bekkur	
				KK/KVK	KK/KVK	KK/KVK	KK/KVK	KK/KVK	KK/KVK		
<i>Árman</i>	73	10	63	8	35	2	27	0	0	0	1
<i>Þróttur</i>	80	63	17	45	10	12	7	6	0	0	0
<i>samstals</i>	153	73	80	53	45	14	34	6	0	0	1

Mánudagar

Fyrri ferð	Seinni ferð
Frá Laugarseli (kl. 14:20)	Frá Laugarseli (kl. 15:15)
Frá Glaðheimum/Þróttheimum (kl. 14:30)	Frá Glaðheimum/Þróttheimum (kl. 15:25)
Frá Laugarseli (kl. 14:40)	Frá Laugarseli (kl. 15:35)
Stoppað við Gervigrasið og Frjálsíþróttahölinni kl. 14:50	Stoppað við Gervigrasið og Frjálsíþróttahölinni kl. 14:50

Þriðjudagar

Fyrri ferð	Seinni ferð
Frá Laugarseli (kl. 14:20)	Frá Laugarseli (kl. 15:15)
Frá Glaðheimum/Þróttheimum (kl. 14:30)	Frá Glaðheimum/Þróttheimum (kl. 15:25)
Frá Laugarseli (kl. 14:40)	Frá Laugarseli (kl. 15:35)
Stoppað við Gervigrasið og Frjálsíþróttahölinni kl. 14:50	Stoppað við Gervigrasið og Frjálsíþróttahölinni kl. 14:50

Miðvikudagur

Fyrri ferð	Seinni ferð
Frá Laugarseli (kl. 14:20)	Frá Laugarseli (kl. 15:15)
Frá Glaðheimum/Þróttheimum (kl. 14:30)	Frá Glaðheimum/Þróttheimum (kl. 15:25)
Frá Laugarseli (kl. 14:40)	Frá Laugarseli (kl. 15:35)
Stoppað við Gervigrasið og Frjálsíþróttahölinni kl. 14:50	Stoppað við Gervigrasið og Frjálsíþróttahölinni kl. 14:50

Fimmtudagar

Fyrri ferð	Seinni ferð
Frá Laugarseli (kl. 14:20)	Frá Laugarseli (kl. 15:15)
Frá Glaðheimum/Þróttheimum (kl. 14:30)	Frá Glaðheimum/Þróttheimum (kl. 15:25)
Frá Laugarseli (kl. 14:40)	Frá Laugarseli (kl. 15:35)
Stoppað við Gervigrasið og Frjálsíþróttahölinni kl. 14:50	Stoppað við Gervigrasið og Frjálsíþróttahölinni kl. 14:50

ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ FYLKIR

Frístundavagn Fylkis keyrir samkvæmt meðfylgjandi skipulagi í tengslum við æfingar í Norðlingaholti, í Árbæjarskóla og á Fylkissvæðinu við Fylkisveg. Vagninn verður í fríi í kringum jólin og í kringum páskana. Styrkur borgarinnar gengur upp í kostnað vegna akstursins en félagið greiðir það sem upp á vantar.



Sú breyting hefur verið gerð frá fyrra skipulagi að vagninn er á ferðinni milli kl. 14:00 og 16:00. Einnig geta iðkendur nýtt sér vagninn til og frá æfingum en ekki bara á æfingastað eins og fyrirkomulagið var.

Félagið áskilur sér rétt til að gera breytingar á þessari áætlun vegna mögulegrar breytinga á fjármögnum, æfingatímum og þátttöku. Ferðirnar eru fyrir krakka í 1. til 4. bekk í grunnskólum hverfisins: Ártúnsskóla, Árbæjarskóla, Selásskóla og Norðlingaskóla. Eldri krakkar geta nýtt sér ferðirnar sé pláss.

Skráning í frístundavagninn fer fram á heimasíðu Fylkis www.fylkir.com Allir sem ætla að nýta sér vagninn verða að skrá sig (líka eldri). Dagskrá vagnsins verður gefin út á heimasíðu Fylkis og er mikilvægt að fylgjast vel með þeim breytingum sem upp kunna að koma. Það þarf ekki að greiða sérstaklega fyrir að fara með vagninum eins og staðan er núna. Starfsmaður frístundaheimilis mun fylgja þeim sem skráðir eru í frístundaheimili að vagninum.

Þar sem enginn auka starfsmaður verður í vagninum er það á ábyrgð foreldra að börnin fari út á réttum stað og skili sér á æfingu. Þeir krakkar sem eru með töskur og föt geta geymt það á æfingastaðnum meðan æfingin er. Eftir að æfingu er lokið eru krakkarnir á ábyrgð foreldra. Mikilvægt er að foreldrar séu vel vakandi fyrir því hvernig dagskrá hópsins er sem barnið er að æfa með. Æfingar geta fallið niður og stundum er æfingatíma breytt. Vagninn bíður ekki eftir neinum heldur leggur af stað á umræddum tíma.

Dagskrá alla virka daga:

<u>Ártúnsskóli</u>	<u>14:05</u>	<u>Ártúnsskóli</u>	<u>15:05</u>
<u>Árbæjarskóli</u>	<u>14:10</u>	<u>Árbæjarskóli</u>	<u>15:10</u>
<u>Selásskóli</u>	<u>14:16</u>	<u>Selásskóli</u>	<u>15:16</u>
<u>Fylkissel</u>	<u>14:20</u>	<u>Fylkissel</u>	<u>15:20</u>
<u>Norðlingaskóli</u>	<u>14:23</u>	<u>Norðlingaskóli</u>	<u>15:23</u>
<u>Ártúnsskóli</u>	<u>14:33</u>	<u>Ártúnsskóli</u>	<u>15:33</u>
<u>Árbæjarskóli</u>	<u>14:38</u>	<u>Árbæjarskóli</u>	<u>15:38</u>
<u>Fylkishöll</u>	<u>14:42</u>	<u>Fylkishöll</u>	<u>15:42</u>
<u>Selásskóli</u>	<u>14:47</u>	<u>Selásskóli</u>	<u>15:47</u>
<u>Fylkissel</u>	<u>14:52</u>	<u>Fylkissel</u>	<u>15:52</u>
<u>Norðlingaskóli</u>	<u>14:55</u>	<u>Norðlingaskóli</u>	<u>15:55</u>
		<u>Fylkishöll</u>	<u>16:05</u>

Dagskráin getur breyst og eru foreldrar hvattir til að skoða áætlun vagnsins á heimasíðu Fylkis.

Ártúnsskóli: Vagninn stoppar á hringtorginu við skólann.

Árbæjarskóli: Vagninn stoppar á bílastæðinu við Árbæjarkirkju / Ársel.

Fylkishöll: Vagninn stoppar við Fylkishöll (að neðanverðu).

Selásskóli: Vagninn stoppar á bílastæðinu við Selásbraut.

Fylkissel: Vagninn stoppar fyrir fram aðalinngang.

Norðlingaskóli: Vagninn stoppar á bílastæðinu við skólann.

Önninn kostar 7.000kr.

132 iðkendur nýta sér frístundarvagninn. Þeir eru á aldrinum 6-9 ára. 80 drengir og 52 stúlkur.

2012: 22 iðkendur (13 drengir og 9 stúlkur) – 2011: 36 iðkendur (20 drengir og 16 stúlkur)

2010: 40 iðkendur (24 drengir og 16 stúlkur) – 2009: 34 iðkendur (23 drengir og 11 stúlkur)

KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ FRAM

Knattspyrnufélagið FRAM sér um frístundaakstur í tveimur hverfum í Reykjavík, Safamýri og Grafarholti og Úlfarsárdal. Um er að ræða hefðbundinn frístundaakstur frá gunnskólum/frístundarheimilum í hverfunum á æfingar hjá FRAM. Styrkur borgarinnar gengur upp í kostnað vegna akstursins, foreldrar skrá í aksturinn og greiða kr. 5000.- á önn. FRAM hefur þurft að greiða töluverðar fjárhæðir með þessum akstri á hverju ári og ljóst að við þetta verður ekki unað lengur nema að skerða eða takmarka þessa þjónustu á komandi árum. Við höfum ekki haft gæslu í rútunum en fengum tvær mömmur til að fara með í tvær ferðir í Grafarholti en þar kom upp vesen sem við urðum að bregðast við. Mjög nauðsynlegt að geta verið með gæslu í rútunum, annað er ekki verjandi.



Aksturinn hefur verið með svipuðum hætti undanfarin ár, lögð áhersla á að keyra yngstu börnin í 1.-2. bekk og reynt að keyra sem flesta í 3.-4. bekk. Við höfum farið þá leið að reyna að hafa eins marga hópa og mögulegt er á sama tíma þannig að við náum að nýta hverja ferð sem best. Margir hópar að æfa á sama tíma. Þátttaka hefur verið góð og stöðug á síðustu árum.

Skráður fjöldi iðkenda á vorönn 2018 var 130 iðkendur og 136 á haustönn 2018. Taka verður með í reikninginn að mörg þessara barna eru að mæta á æfingar í tveimur íþróttagreinum, gætu verið að fara á 4-5 æfingar á viku.

Safamýri 39 skráðir allir í Háaleitisskóla/Hvassaleiti
Grafarholt og Úlfarsárdalur 97 skráðir úr Dalskóla, Ingunnarskóla og Sæmundarskóla.

Aldur	Strákar	Stelpur
2012	41	3
2011	29	5
2010	32	4
2009	34	12

Helsta skýring á fáum stelpum í akstrinum er að við reynum að hafa sem flestar æfingar í Grafarholti í skólunum og þá þurfa stelpurnar ekki að taka rútu á æfingar. Okkar reynsla er sú að þær vilja það síður og eru líklegri til að koma á æfingar ef æfingar eru í skólunum. Eins er hægt að hafa stelpu hópa t.d í fótbolta í skólaíþróttahúsunum en það væri aldrei hægt sem strákarhópa vegna fjölda á æfingum. 12 stúlkur að nota rútna í Safamýri.

Akstur í hverfum.

Í Safamýri er eingöngu ekið frá Háaleitisskóla/Hvassaleiti í Safamýri og til baka.

Í Grafarholti og Úlfarsárdal er ekið frá Stjörnulandi (Ingunnarskóla) í Fjósið (Sæmundarskóla) og Dalskóla. Ekið er á milli skóla í hverfinu, í Egilshöll og á FRAMvöll í Úlfarsárdal.

Gjaldskrá.

Foreldrar þurfa að skrá og greiða fyrir akstur á vor og haustönn kr. 5.000.- hvora önn. Eitt gjald fyrir alla hvort sem farinn er ein ferð eða margar.

Leiðarkerfi á haustönn 2018.

Mánud.

Frá Dalskóla kl. 14:10. Ekið með handboltahóp í Sæmundarskóla. Tilbaka kl. 15:20

Frá Stjörnulandi kl. 14:10, viðkoma í Sæmundarskóla kl. 14:15 og Dalskóla kl. 14:20 ekið á

Framvöll í Úlfarsárdal, tilbaka kl. 15:30

Frá Hvassó kl. 14:34. Ekið í FRAMhús.

Frá Hvassó kl. 15:25. Ekið í Ísakskóla og þaðan í FRAMhús Safamýri,

Þriðjud.

Frá Hvassó kl. 14:05. Ekið frá Ísakskóla kl. 14:15 og þaðan í FRAMhús Safamýri, tilbaka kl. 15:35.

Frá Hvassó kl. 15:45 ekið í FRAMhús Safamýri, ekki ekið tilbaka.

Frá Stjörnulandi kl. 15:30, viðkoma í Sæmundarskóla, Reynisvatnsás á FRAMvöll í Úlfarsárdal.

Frá Dalskóla kl. 15:35. Ekið með handboltahóp í Ingunnarskóla.

Miðvikud.

Frá Stjörnulandi kl. 14:10, viðkoma í Sæmundarskóla, ekið á Framvöll í Úlfarsárdal, tilbaka kl. 15:30.

Frá Stjörnulandi kl. 14:30, viðkoma í Sæmundarskóla, ekið á Framvöll í Úlfarsárdal, tilbaka kl. 15:45.

Frá Hvassó kl. 14:35. Ekið í Ísakskóla kl. 14:45, í FRAMhús Safamýri, Tilbaka kl 16:05

Fimmtud..

Frá Hvassó kl. 14:05. Ekið í Ísakskóla kl. 14:15 og þaðan í FRAMhús Safamýri, tilbaka kl. 15:35.

Frá Dalskóla kl. 14:35. Ekið með handboltahóp í Ingunnarskóla. Tilbaka kl. 15:50.

Frá Hvassó kl. 15:45. og þaðan í FRAMhús Safamýri.

Föstud..

Frá Stjörnulandi kl. 14:10, í Sæmundarsk. kl. 14:15, Dalskóla 14:20, ekið í Egilshöll. Tilbaka kl. 15:35.

Frá Stjörnulandi kl. 15:10, viðkoma í Sæmundarskóla kl. 15:15, Dalskóla 15:20, ekið í Egilshöll.

Frá Dalskóla kl. 15:30. Ekið með handboltahóp í Sæmundarskóla.

Frá Hvassó kl. 14:30. í FRAMhús Safamýri, tilbaka kl. 15:50.

Frá Hvassó kl. 15:30. í FRAMhús Safamýri.

Úr Háaleitisskóla/Hvassaleiti í FRAMhús. Keyra þarf börnin til baka eftir æfingar sem byrja kl. 14:30/15:00. Ekið fimm daga vikunnar. Nýtingin hefur verið stöðug í vetur 30-40 börn eru að nýta þessar ferðir á viku sem er aukning frá því í fyrra. Stelpunum er að fjölga sem er gott.

Úr Grafarholt í Úlfarsárdal og Dalskóli í Grafarholt. Akstur er breytilegur eftir æfingatímum. Keyra þarf til baka úr Úlfarsárdal eftir æfingar sem byrja kl. 14:30/15:00. Nýting á rútuferðum í Úlfarsárdal er mjög mikil, krakkarnir duglegir við að nýta rútna og þurftum að vera með 45-65 sæta rútu í þessum ferðum að hluta til að hægt væri að taka alla með. Alltaf er reynt að nýta ferðir sem best þannig að verið sé að samnýta rútna, tveir til þrjú flokkar í rútnu í einu í sumum ferðum. Fjöldi barna á dag eru 50-100 börn en það fer eftir fjölda æfinga og flokkum. Sem dæmi þá eru 70 drengir í 6 og 7. fl.ka þ.e í hvorum flokki. Akstur úr Dalskóla í Sæmundarskóla og Ingunnarskóla hefur núna verið leystur með því að kaupa litla rútu sem tekur 17 farþega. Ráðinn hefur verið bílstjóri til að keyra þessa rútu og vinnur hann um 20 klst. á viku hjá FRAM, við akstur með minni hópa í hverfinu, auk þess sem við nýtum þessa rútu til að keyra á milli hverfa.

UNGMENNAFÉLAGIÐ FJÖLNIR

Siðastliðinn vetur fórum við að stað með fylgd í Strætó á æfingar frá öllum frístundarheimilum í Grafarvogi samtals 8 frístundarheimilum. Fylgdin er eingöngu á æfingar í Egilshöll. Fimleikadeildin var ein með í fyrravetur en í vetur geta krakkarnir valið um að æfa fimleika, knattspyrnu, handbolta eða körfubolta. Við fylgjum fjóra




daga í viku, mánudaga – fimmtudaga. Starfsfólk okkar sækir krakkana í frístundarheimilin, fylgja þeim í Strætó á æfingar sem eru klukkan 14:30, aðstoða þau í klefanum við að skipta um föt og reima skó. Fylgja þeim svo til baka eftir æfingar klukkan 15:30. Hamraskóli, Foldaskóli og Húsaskóli taka leið 31, okkar starfsmaður sækir í Hamraskóla en starfsfólk frístundaheimilanna fylgja krökkunum frá Foldaskóla og Húsaskóla á stoppustöðina og sækja þau aftur þangað. Okkar starfsmaður tekur við þeim í Strætó, fylgir þeim á æfingu og til baka í Strætó, passar upp á að þau fari út á réttum stað á bakaleiðinni. Rimaskóli tekur leið 6. Vættaskóli Borgir og Kelduskóli Vík taka leið 18 þar er sami háttur á og með leið 31, starfsmaður okkar sækir í Vættaskóla Borgir en frístundarheimilið sér um að fylgja frá Kelduskóla Vík á stoppustöðina og sækja þau þangað aftur. Kelduskóli Korpa tekur leið 7. Gengið er með krakkana úr Vættaskóla Engi eftir göngustíg sem fer í undirgöng undir Víkurveg við Egilshöll.

Iðkendur borga sjálfir í Strætó. Langflest eru með árskort sem kostar 8.600, sum eru þó með miða og kosta 20 miðar 1.360. Stakt fargjald er 220 krónur sé greitt með peningum.

Hér fyrir neðan er tafla yfir fjöldann sem er með okkur í Strætó niður á daga og kyn. 184 börn í 1. bekk og 152 í 2. bekk samtals 336 börn sem flest æfa 2x í viku sum koma þó 3x eða jafnvel 4x ef þau æfa fleiri en eina grein. Á þriðjudögum og fimmtudögum fáum við aðstoðarfólk frá frístundarheimilunum með okkur því þá eru svo gríðarlega stórir hópar að fara frá sumum heimilanna. Við erum líka með auka manneskjur til að aðstoða á þessum fjölmennu dögum.

Dagar	Stelpur	Strákar	Samtals
<i>Mánudagar</i>	81	30	111
<i>Þriðjudagar</i>	107	203	310
<i>Miðvikudagar</i>	81	81	162
<i>Fimmtudagar</i>	107	113	220
<i>Heildartölur í fylgd pr. viku.</i>	376	427	803



KNATTSPYRNUFÉLAG REYKJAVÍKUR

Á haustönn var boðið upp á þrjár ferðir á dag á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Farið var frá Vesturbæjarskóla kl. 15.05, Landakotsskóla kl. 15.10 og Melaskóla kl. 15.15.



- Leið eitt: Túngata, Sólvallagata, Hofsvallagata, Hagamelur, Meistaravellir, Frostaskjól
- Leið tvö: Hagamelur, Fornhagi, Ægissíða, Frostaskjól

Akstur til baka hefur ekki verið í boði fyrir börnin á frístundaheimilið að æfingu lokinni og þurftu því foreldrar að sækja þau í KR heimilið fyrir kl. 17.00. KR bauð foreldrum barna sem hófu æfingar kl. 15:30 og 16:20 upp á að sækja börnin í frístundaheimilin Selið og Skýjaborgir. Börnin fengu aðstöðu í félagsheimili KR milli æfinga og fram til kl. 17 og voru þar undir eftirliti frístundaleiðbeinenda frístundaheimila Frostaskjól, að því gefnu að minnst 12 börn fóru með hverri rútu. Rútuferðirnar voru aðallega í boði fyrir börn í 1. og 2. bekk og dvöl í félagsheimilinu var eingöngu í boði fyrir þau börn sem skráð voru í frístundaheimili þessa daga. Þeir aðilar sem vildu nýta sér þessa þjónustu þurftu að senda tölvupóst á stefan@kr.is og skyjaborgir@reykjavik.is eða selid@reykjavik.is eftir því sem við átti og þurftu að tiltaka nafn barnsins, kennitölu og skóla. Börnin voru ekki send úr frístundaheimilum nema foreldrar höfðu skráð barnið og látið vita að þau ætluðu sér að nýta þessa þjónustu. Verkefnið nýtist mest hjá knattspyrnudeildinni, handboltadeildinni, körfuboltadeildinni og borðtennisdeildinni. Það hefur verið mikil fjölgun iðkenda eftir að rútuferðir hófust. Styrkur borgarinnar gengur upp í kostnað vegna akstursins en félagið greiðir það sem upp á vantar. Kostnaður er að hækka og ljóst að KR þarf að taka upp gjald líkt og aðrir fyrir aksturinn.

Fæðingarár	Fjöldi
2012	117
2011	130
Samtals	247

KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ VALUR

Valur hefur haldið úti rútuferðum frá frístundaheimilum í hverfinu í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Ísaksskóla frá haustinu 2007. Í upphafi var ráðinn rútuþjafi með litla rútu sem keyrði á milli skóla og fór fjölda ferða en í dag er fengin rúta frá Hópbílum, eins stór og mögulega kemst að skólunum sem eru með erfiðu aðgengi.



Árið 2018 er ennþá farið í þessa skóla og hefur þjónustan einnig verið í boði fyrir Barnaskóla Hjallastefnunnar en þó ekki haustið 2018. Rútan er fyrir börn í 1. – 4. bekk alla virka daga og fer

frá frístundaheimilum skólanna. Börnum í þessum bekkjum sem eru ekki í frístundaheimilinu er þó velkomið að nýta rútuna og eru þá á ábyrgð foreldra að koma í rútuna á réttum tíma. Fylgdarmaður er í rútunni frá Val en börnin eru á ábyrgð foreldra í rútunni og þegar komið er í Valsheimilið þar sem ekki er boðið upp á neinar tómsundurir utan æfingatíma.

Rúta kemur að Valsheimilinu Hlíðarenda þar sem fylgdarmaður er sóttur og fer síðan tvær ferðir, fyrri ferð fer frá fyrsta skóla, Háteigsskóla, kl. 14:00 og endar á Hlíðarenda um 14:40 og fer síðan aftur sama hring í alla skólana þar sem seinni ferð fer frá fyrsta skóla kl. 14:50. Það er þá miðað við að ná börnum í hús til æfinga sem byrja kl. 15 og 15:50.

Mikil fjölgun hefur verið á nýtingu iðkenda á rútunni og hefur það haft í för með sér að rútan þarf að fara í hvern skóla fyrir sig og skila börnum á Hlíðarenda áður en haldið er í næsta. Það hefur leitt til lengri viðveru barna fyrir æfingar sem félagið hefur þurft að leysa með ráðningu starfsmanns í gæslu sem nær þó varla að anna verkefnum og sá starfsmaður setur ekki upp tómsundastarf í biðtímanum. Fjöldi barna sem nýta rútuna á haustönn 2018 eru 239, 133 strákar og 106 stelpur. Fjöldi eftir árgang í töflu.

Fæðingarár	Fjöldi barna
2009	35
2010	48
2011	83
2012	73

Kostnaður miðast við ferðir nýttar í viku sem forráðamenn sjá sjálfir um að skrá í skráningarkerfi Nóra. Síðan er samvinna milli frístundaheimilanna og Vals að sjá til þess að listinn sé alltaf uppfærður og fylgdarmaður í rútu merkir við þegar barn kemur upp í rútuna. Ein ferð í viku kostar 5.000 kr, tvær ferðir 10.000 kr, þrjár ferðir 15.000 kr og fjórar ferðir 20.000 kr. Sérstaklega þarf að skrá og greiða fyrir haust- og vorönn.

Frá upphafi hafa foreldrar tekið þátt í kostnaði við rútuferðirnar og finnst það sjálfsagt enda er þessi þjónusta oft forsenda þess að börnin geti stundað íþróttir. Valur hefur haldið þjónustunni áfram þó að borgað sé með henni til að koma á móts við það að geta hafið æfingar fyrr á daginn og boðið yngstu iðkendum að vera búnir með sínar æfingar þegar vinnudegi foreldra lýkur.

Leiðarkerfi Valsrútunar og tímasetningar má sjá á mynd:

Valsrútan | Frístundaheimili - Valsheimili

Mánudagur Fyrri	Þriðjudagur Fyrri	Miðvikudagur Fyrri	Fimmtudagur Fyrri	Föstudagur Fyrri
14:00 frá Háteigsskóla	14:00 frá Háteigsskóla	14:00 frá Háteigsskóla	14:00 frá Háteigsskóla	14:00 frá Háteigsskóla
14:10 frá Ísaksskóla	14:10 frá Ísaksskóla	14:10 frá Ísaksskóla	14:10 frá Ísaksskóla	14:10 frá Ísaksskóla
14:20 frá Austurbæjarskóla	14:20 frá Austurbæjarskóla	14:20 frá Austurbæjarskóla	14:20 frá Austurbæjarskóla	14:20 frá Austurbæjarskóla
14:35 frá Hlíðaskóla	14:35 frá Hlíðaskóla	14:35 frá Hlíðaskóla	14:35 frá Hlíðaskóla	14:35 frá Hlíðaskóla
Mánudagur Seinni	Þriðjudagur Seinni	Miðvikudagur Seinni	Fimmtudagur Seinni	Föstudagur Seinni
14:50 frá Háteigsskóla	14:50 frá Háteigsskóla	14:50 frá Háteigsskóla	14:50 frá Háteigsskóla	14:50 frá Háteigsskóla
15:00 frá Ísaksskóla	15:00 frá Ísaksskóla	15:00 frá Ísaksskóla	15:00 frá Ísaksskóla	15:00 frá Ísaksskóla
15:15 frá Austurbæjarskóla	15:15 frá Austurbæjarskóla	15:15 frá Austurbæjarskóla	15:15 frá Austurbæjarskóla	15:15 frá Austurbæjarskóla
15:30 frá Hlíðaskóla	15:30 frá Hlíðaskóla	15:30 frá Hlíðaskóla	15:30 frá Hlíðaskóla	15:30 frá Hlíðaskóla

KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ VÍKINGUR



Knattspyrnufélagið Víkingur í samvinnu við frístundaheimilið Sólbúa hefur staðið fyrir rútuferðum í tengslum við æfingar í Víkinni bæði á vorönn og haustönn. Ferðirnar eru fyrir krakka í 1. til 4. bekk Breiðagerðisskóla en um

<i>Mánudagar</i>	63
<i>Þriðjudagar</i>	47
<i>Miðvikudagar</i>	41
<i>Fimmtudagar</i>	41
<i>Föstudagur</i>	25

140 börn geta nýtt sér þessa þjónustu í hverri viku. Börnin sem vilja nýta sér þessa þjónustu verða að vera skráð í Víking. Þau þurfa einnig að hafa samband við starfsmenn Sólbúa en ekkert þarf sérstaklega að greiða fyrir þessa þjónustu. Styrkur borgarinnar gengur upp í kostnað vegna akstursins en félagið greiðir það sem upp á vantar. Starfsmenn frístundaheimilis fylgja börnunum í rútna og taka við þeim að æfingu lokinni. Börnin eru í umsjón starfsmanna Sólbúa þar til foreldrar sækja þau. Sólbúar hafa aðsetur í Víkinni milli kl. 14:30-17:00. Aðeins er um að ræða rútuferð í Víkina. Rútan fer frá Sólbúum alla virka daga kl. 14:15.



Frá haustinu 2013 hefur ÍR boðið upp á æfingar í Breiðholtinu fyrir yngsta hópinn, börn í 1. og 2. bekk í grunnskóla, í handbolta, körfubolta, skíðum, frjálsíþróttum, keilu og knattspyrnu undir nafninu ÍR-ungar. Flestar æfingar ÍR-unga verkefnisins fara fram á milli kl. 15:00-17:00 á virkum dögum í íþróttahúsinu við Austurberg. Aðrar æfingar fara fram við ÍR-heimilið í Skógarseli, í Breiðholtsskóla og í Seljaskóla. Eitt æfingagjald er greitt en börnunum býðst að iðka allt að sex íþróttagreinar auk þess sem þeim býðst að nýta sér Breiðholtsstrætó. Breiðholtsstrætó skapar tækifæri til þess að æfa ýmsar íþróttagreinar óháð staðsetningu þar sem vagninn kemur börnunum á milli staða. Þannig geta börnin æft hinar ýmsu greinar alla daga þar sem boðið er upp á akstur á æfingar frá öllum fjarliggjandi frístundaheimilum. Vagninn leggur af stað kl. 14:10 frá Seljaskóla (íþróttahús), tekur upp börnin í Hólmaseli, síðan í Ölduselsskóla og Breiðholtsskóla, á leiðinni upp í Austurberg og endar síðan í ÍR-heimilinu. Starfsmaður Undirheima fylgir börnunum í vagninum. Auk þess er ÍR í samvinnu við SFS með frístundaheimili. Sérstakt frístundaheimili er rekið í íþróttahúsinu við Austurberg (Undirheimum) fyrir þátttakendum ÍR-unga. Þar stendur þeim til boða hefðbundið frístundastarf fyrir eða eftir æfingu á tímabilinu 14:30 – 17:00 á virkum dögum. Styrkur borgarinnar gengur upp í kostnað vegna aksturs Breiðholtsstrætó en félagið greiðir það sem upp á vantar.

Leiðarkerfi – 8 stoppistöðvar

TÍMASETNING	STAÐSETNING
14:10	Íþróttahús Seljaskóla
14:15	Hólmasel
14:20	Ölduselsskóli (bílaplan fyrir framan skólann)
14:30	Breiðholtsskóli (sundlaug)
14:40	Austurberg íþróttahús
14:45	Íþróttahús Seljaskóla
14:50	Hólmasel
14:55	ÍR-heimili

Fjöldi barna í 1. og 2. bekk eftir kyni sem eru skráð í ÍR-unga á haustönn 2018 og geta nýtt sér Breiðholtsstrætó.

Aldur	KK	KVK
<i>6 ára</i>	54	23
<i>7 ára</i>	44	17
<i>Samtals</i>	98	40

2. desember 2009

Nefnd skipuð fulltrúum ÍTR og ÍBR hefur að ósk Íþróttá- og tómstundaráðs unnið eftirfarandi minnisblað varðandi frístundasamgöngur í borginni. Verkefni nefndarinnar var að fara yfir ábendingar og athugasemdir íþróttafélaga, foreldra og fleiri vegna almenningsamganga í hverfum í tengslum við skóla, frístundaheimili, íþróttá- og æskulýðsstarf og fleira tengt börnum og unglingum.

Hugmyndir nefndarinnar:

Lagt er til að í þeim tilfellum sem íþróttáæfingar og æskulýðsstarf fyrir börn í 1. og 2. bekk eru fyrir kl. 16:30 á daginn og starfið er ekki í göngufæri fyrir börn frá frístundaheimilum, sjái viðkomandi félag um að flytja börnin á æfinguna/í starfið. Lagt er til að aksturinn standi öllum börnum á þessum aldri til boða, án tillits til þess hvort þau eru á frístundaheimilum eða ekki. Um væri að ræða aðra leiðina, en foreldrar myndu sækja börnin á æfinguna/í starfið.

Hægt verði að sækja um styrk fyrir slíkum akstri til ÍTR/ÍBR. Þar sem að öll börn eiga jafnan rétt á þátttöku í tómstundum og samgöngurnar misgóðar þá verður hvert og eitt hverfi metið sérstaklega. Mögulegt verði að sækja um fyrir hluta kostnaðar. Alla jafna geta félögin óskað eftir að foreldrar greiði það sem samsvarar strætókostnaði fyrir farið. Aksturinn mætti nýta fyrir börn í 3. og 4. bekk ef tíminn hentar og ef pláss er í rútunni. Annars er gert ráð fyrir að börn í 3. bekk og eldri verði þjálfuð í því að taka strætó. Íþróttá- og æskulýðsfélögum verði uppálagt að stilla æfingatíma með tilliti til strætó.

Nefndin bendir einnig á mikilvægi þess að borgaryfirvöld skipuleggi samgönguleiðir með þeim hætti að börn og unglingar komist auðveldlega milli staða sem bjóða upp á frístundastarf innan hverfis, t.d. undirgöng/brú.

Ef 12 börn eða fleiri eru að fara á æfingu á sama stað á sama tíma frá frístundaheimili, getur starfsmaður frá frístundaheimilinu mögulega farið með þeim, hvort heldur sem er gangandi eða í strætó/rútu.

Jafnframt þessu vill hópurinn leggja til að íþróttaskólinn verði í boði einu sinni í viku fyrir fyrsta bekk og einu sinni fyrir annan bekk í stað þess að fyrsti bekkur fari tvisvar í viku.

Rök fyrir rútuferðum:

1. Strætókerfið gagnast ekki yngstu börnunum

Börn í 1. og 2. bekk eru of ung til þess að ferðast ein í strætó og hóparnir eru oft of litlir á hverju frístundaheimili til að starfsmaður frístundaheimilisins geti fylgt.

2. Strætóleiðirnar ganga ekki alltaf þær leiðir sem börnin þurfa að fara

Þeir fulltrúar Strætó sem mættu á fund nefndarinnar tóku það skýrt fram að hér eftir sem hingað til myndi Strætó reyna að þróa sitt áætlunarkerfi með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi en að svo búnu þá gengi það ekki alltaf gagnvart börnunum í frístundastarfi.

3. Strætó getur ekki ábyrgst flutning hópa á álagstímum

Íþróttafélögin geta ekki með góðu móti skipulagt æfingartímana ef það er ekki tryggt að börnin komist á tilsettum tíma með vögnunum á æfingar.

ÍBR hefur kannað tengsl nálægðar íþróttamannvirkja og þátttöku barna í íþróttum. Það kemur greinilega fram að því lengra sem börnin búa frá íþróttastöðinni því síður taka þau þátt. Stórar umferðaræðar hafa jafnframt mjög mikil neikvæð áhrif. Nokkur félög hafa verið að prófa að keyra börn úr skólum á íþróttæfingar þar sem að foreldrar sækja börnin á æfingar eftir að þeim lýkur. Þetta hefur gefist vel og merkjanleg aukning hefur orðið á þátttöku. Einnig er mjög jákvætt fyrir fjölskyldur þessara barna að hafa lokið „vinnudegi“ barnanna um leið og vinnudegi foreldranna lýkur auk þess sem betri nýting næst í mannvirkjunum. Í þessari vinnu þarf samt að huga að því að foreldrasamstarf félaganna minnki ekki.

Nefndin leggur til að íþróttafélögin verði hvött til að bjóða upp á fjölbreyttari íþróttaiðkun fyrr á daginn þar sem börnunum stæðu fleiri íþróttagreinar til boða sem þar af leiðandi myndi draga úr brottfalli til framtíðar, sbr. rannsóknir. Þessu máli til stuðnings má geta þess að 65% allra grunnskólabarna í 3. bekk stunda íþróttir en svo fer hlutfallið lækkandi með hækkandi aldri. Það er því mikilvægt að hefja þessa för barnanna með sem jákvæðustum hætti þar sem fjölbreytni íþróttastarfs er haft í heiðri.

Á fundi Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur þann 12. janúar 2010 var samþykkt eftirfarandi tillaga:

Íþrótt- og tómstundaráð felur framkvæmdastjóra að vinna að útfærslu frístundasamgangna í hverfum borgarinnar með hliðsjón af minnisblaði ÍTR og Íþróttbandalags Reykjavíkur um málið frá 2. desember 2009. Í þeim tilvikum, sem íþróttæfingar og æskulýðsstarf eru fyrir kl. 16:30 á daginn og starfið er utan göngufæris fyrir börn á frístundaheimilum, verði leitast við að gera íþróttafélagi kleift að flytja börnin á æfingar eða í starfið með svokölluðum frístundastrætó. Rætt verði við eftirtalin íþróttafélög í þessu skyni: Fram, Fylki, Knattspyrnufélag Reykjavíkur, Val, Víking, Þrótt, Ármann, Íþróttafélag Reykjavíkur og Fjölni.

FYLGISKJAL 2: ERINDI FRÁ ÁRMANNI, PRÓTTI, FYLKI OG VAL

Dagsetning

26.09.17

Erindi vegna frístundaaksturs í Reykjavík.

Erfitt hefur verið fyrir íþróttafélög í borginni að manna gæslu í frístundarútum, frá frístundaheimilum í íþróttastarf. Það hefur myndast mikil óánægja á meðal foreldra varðandi þennan hluta þjónustunar þrátt fyrir mikla ánægju með hana almennt. Það eru oft í kringum 60 börn í rútnu á sama tíma og getur myndast mikill æsingur þegar ferðin tekur 30 mínútur eða meira. Það er því ekki boðlegt að hafa þjónustuna eftirlitslausa, ef eitthvað kemur upp á er lítið sem einn bílstjóri getur gert.


Í minnisblaði frá 11.febrúar 2010 stendur:

„Ef 12 börn eða fleiri eru að fara á æfingu á sama stað á sama tíma frá frístundaheimili, getur starfsmaður frá frístundaheimilinu mögulega farið með þeim, hvort heldur sem er gangandi eða í strætó/rútu“.

Þetta minnisblað er orðið úrelt og er því mikilvægt að endurskoða þennan samning sem gerður var á milli ÍTR, SFS og ÍBR.

Við óskum þess að sett verði skýrari lína varðandi gæslu (starfsmann) í rútnu. Íþróttafélögin hafa ekki mannskap í að sinna þessum hluta né fjármagn fyrir launakostnaði.

F.h. Ármanns


Glimufélagið Ármann
Sími: 420169-0359


F.h. Próttar


Knattspyrnufélagið
KRÓTTUR
Knattspyrnudeild
Kl. 470678-0119

F.h. Fylkis



F.h. Vals


Knattspyrnufélagið
Valur

Reykjavík, 26. 11. 2018

Viðtakandi: Ómar Einarsson, sviðsstjóri ÍTR

Sendandi: Nefnd SFS og ÍBR um frístundaakstur

Efni: Ósk um aukið fjármagn til frístundaaksturs til að standa straum af kostnaði við fylgd í vögnunum

Þann 26. september 2017 sendu fulltrúar Ármanns, Þrótti, Fylkis og Vals okkur bréf þar sem þeir óska eftir því að skýrari lína verð sett varðandi gæslu (starfsmann) í frístundavögnunum. Íþróttafélögin hafi ekki mannskap í að sinna þessum hluta né fjármagn fyrir kostnaði. Í bréfinu kemur fram að oft séu í kringum 60 börn í vögnunum á sama tíma og getur myndast mikill æsingur þegar ferðin tekur 30 mínútur eða meira. Það sé því ekki boðlegt að hafa þjónustuna eftirlitslausa. Ef eitthvað kemur upp á sé lítið sem einn bílstjóri getur gert.

Við kölluðum til fundar um frístundaaksturinn 15. desember 2017 íþróttafulltrúa hverfisíþróttafélaganna og fulltrúa frístundaheimilanna í Reykjavík. Þar kom einnig skýrt fram að mikilvægt sé að fá starfsmenn í vagnana. Einnig að það myndi ganga betur að fá rútfyrirtækin til að taka að sér aksturinn ef starfsmaður fylgdi börnunum. Þar kom fram að mörg börn kviðu því að fara í vagnana og að þar myndist kjöraðstæður fyrir einelti og stríðni. Starfsmenn í vögnunum myndu bæta aðstæður og öryggi barnanna til muna.

Áætlað er að um 2.500 börn nýti sér akstur hverfisíþróttafélaganna á viku. Samkvæmt viðhorfskönnun foreldra barna á frístundaheimilum árið 2017 nýta 43% barna sem fara á íþróttæfingar á starfstíma frístundaheimila sér frístundaakstur. Þar af eru 37% foreldra eru ánægðir með aksturinn en 6% eru það ekki. Í 31% tilfella er ekki boðið upp á akstur og 26% nýta ekki aksturinn sem er í boði. Það ber þó að hafa í huga að ánægjan er gífurlega mismunandi milli hverfa, en í einhverju tilfelli eru 84% af þeim sem nýta þjónustuna ánægðir á meðan annars staðar er aðeins 5% ánægja með aksturinn. Það er því ljóst að gríðarleg sóknarfæri eru í að bæta umgjörðina í kringum frístundaaksturinn.


Í minnisblaði sem frístundaaksturinn hefur byggt á frá 11. febrúar 2010 kemur fram að ef 12 börn eða fleiri eru að fara á æfingu á sama stað á sama tíma frá frístundaheimili, geti starfsmaður frá frístundaheimilinu mögulega farið með þeim, hvort heldur sem er gangandi eða í strætó/rútu. Síðan þá hefur fjölda barna á starfsmann á frístundaheimilum verið fjölgað í 13 börn fyrir börn í 1. bekk og 16 börn í 2.-4. bekk. Af þessum sökum og sökum manneklu undanfarinna ára á frístundaheimilum geta starfsmenn frístundaheimilanna sjaldnast farið frá starfsstaðnum til að fylgja börnum á æfingar. Auk þess hefur alltaf verið erfitt er fyrir lítil frístundaheimili að missa út starfsfólk í fylgdina. Félagin hafa í þeim tilfellum er frístundaheimilin hafa ekki getað staðið undir þessu reynt sitt besta að útvega fólk í fylgdina. Reynt hefur verið að nýta eldri borgara, unglinga og velunnara félaganna en ljóst er að standa þarf betur að ráðningum á þessu starfsfólki, gagnvart hlutum eins og lágmarksaldri, hreinu sakavottorði og yfirlýsingu um trúnaði.

Gjaldið sem foreldrar greiða fyrir frístundaaksturinn er mismunandi milli félaga allt frá því að vera gjaldfrjálst upp í 17.000 kr. á ári. Í einhverjum tilfellum greiða félagin með akstrinum. Unnið er að því að samræma gjaldið svo að foreldrar greiði sem nemur því sem kostar í Strætó bs. Ársgjald fyrir þennan aldurshóp kostar 8.600 kr. Einnig eru uppi áform um að auka samstarfið við Strætó í samræmi við nýja Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025.


Þar er gert ráð fyrir að börn á frístundaheimilum verði markvisst þjálfuð í að nota strætó í tengslum við frístundastarf og skoðaðir möguleikar á að börn í 1. og 2. bekk geti notað árskort frá Strætó í frístundaakstur á vegum hverfafélaganna. Félögin fengju tekjurnar af þessu og Strætó fengi inn framtíðarnotendur. Í innleiðingarætlun stefnunnar kemur að auki fram tillaga að framkvæmd á þessu um að hverfisfélögin fái aukinn stuðning til að geta boðið upp á fylgd með vögnunum til að auka öryggi og efla þessa þjálfun hjá börnunum eins og óskað er eftir með þessu minnisblaði. Verðmiðinn sem var settur á þetta í innleiðingarætluninni voru 10 millj. á önn.

FYLGISKJAL 4: NIÐURSTÖÐUR VIÐHORFSKÖNNUNAR SKÓLA- OG FRÍSTUNDAVIÐS REYKJAVÍKUR MEÐAL FORELDRA BARNNA Á FRÍSTUNDAHEIMILUM VOR 2017 (OG SAMANBURÐUR VIÐ 2015 OG 2012)


Nýtir barnið frístundaakstur/rútur íþróttafélaganna vegna æfinga frá frístundaheimili barnsins
Öll svör 2017




Nýtir barnið frístundaakstur/rútur íþróttafélaganna vegna æfinga frá frístundaheimili barnsins - 2017




Nýtir barnið frístundaakstur/rútur íþróttafélaganna vegna æfinga frá frístundaheimili barnsins Árbær og Grafarholt




Nýtir barnið frístundaakstur/rútur íþróttafélaganna vegna
æfinga frá frístundaheimili barnsins
Breiðholt




Nýtir barnið frístundaakstur/rútur íþróttafélaganna vegna
æfinga frá frístundaheimili barnsins
Grafarvogur og Kjalarnes




Nýtir barnið frístundaakstur/rútur íþróttafélaganna vegna æfinga frá frístundaheimili barnsins
Laugardalur og Háaleiti



Nýtir barnið frístundaakstur/rútur íþróttafélaganna vegna æfinga frá frístundaheimili barnsins
Vesturbær, Miðborg og Hlíðar



Nýtir barnið frístundaakstur/rútur íþróttafélaganna vegna æfinga frá frístundaheimili barnsins?




Hvaða ár er barnið fætt? * Nýtir barnið frístundaakstur/rútur íþróttafélaganna vegna æfinga frá frístundaheimili barnsins? Crosstabulation

Count


		Nýtir barnið frístundaakstur/rútur íþróttafélaganna vegna æfinga frá frístundaheimili barnsins?				Total
		Er ekki boðið upp á akstur	Nei nýtir ekki	Já er ánægð	Já er ekki ánægð	
Hvaða ár er barnið fætt?	1. bekkur	90	90	147	24	351
	2. bekkur	112	97	164	23	396
	3. bekkur	113	84	78	14	289
	4. bekkur	31	25	27	4	87
Total		346	296	416	65	1123

Það gengur vel að samræma dvöl barnsins við annað skipulagt frístundastarf sem barnið sækir

Kyn



Nýtir barnið frístundaakstur/rútur í þróttafélaganna vegna æfinga frá frístundaheimili barnsins?



13. júní 2013

Efni: Ósk um aukið fjármagn til verkefnisins fyrir árið 2014

Á heildina litið hefur frístundaaksturinn gengið vel og hefur hann haft marga góða hluti í för með sér eins og aukna þátttöku, betra aðgengi, jafnari þátttöku milli íþróttagreina, aukna samfellu og betri nýtingu á mannvirkjum. Segja má að aksturinn sé að verða hluti af þeirri þjónustu sem íþróttafélögin bjóða upp á. Með auknum fjölda barna sem nýta sér aksturinn og mikilli hækkun á eldsneytisverði, þá hefur sá hluti kostnaðar við aksturinn sem leggst á félögin hækkað. Í upphafi var kostnaðarþáttur félaganna um það bil þriðjungur af heildarkostnaði en í dag nemur hann um helmingi. Styrkurinn hefur ekki hækkað frá byrjun og ekki einu sinni sem nemur verðbótum. Hætta er á að þröng fjárhagsstaða margra félaganna leiði til þess að einhver félaganna treysti sér ekki til að standa í þessu áfram. Afleiðingarnar væru slakari nýting mannvirkja, skref til baka gagnvart þátttöku og jafnræði barna til þátttöku auk þess sem að „vinnudagur“ barnsins myndi enda seinna en foreldra þeirra. Árlega er haldinn fundur með fulltrúum þeirra féлага sem koma að þessu verkefni. Auk þess hefur verið fundað hjá þeim félögum sem erfiðast hefur reynst að standa að þessum akstri. Féлага sem búa við erfiða stöðu sökum aðstöðuleysis, dreifðra íþróttamannvirkja og fjölda grunnskóla í hverfinu. Það kallar á mikla samhæfingu og enn betra samstarf. Þau hverfi sem helst er vísað til eru Breiðholt, Grafarvogur og Laugardalur.

Frá 1. janúar 2011 til 1. janúar 2013 þá hækkaði vísitala neysliverðs um 13% á meðan að verð á díselolíu hækkaði um 30%. Hvoru tveggja hefur áhrif á aksturinn. Nefnd um frístundaakstur óskar því hér með eftir almennum vísitöluhækkunum á fjármagni til akstursins. Ef vísitöluhækkunir verða teknar inn frá árinu 2011 þá yrði heildarúthlutun borgarinnar 11.715.247kr.- fyrir árið 2014 (áælt. Vísitala fyrir 1. janúar 2014). Að auki væri eðlilegast að bæta félögunum fyrir ógreidda vísitöluhækkunir árin 2011-2013 sem við áætlum að séu 2.337.444 kr.

Með bestu kveðjum,

Kjartan F. Ásmundsson, ÍBR
Guðrún Kaldal, SFS
Sigrún Sveinbjörnsdóttir, SFS

FYLGISKJAL 6: MINNISBLAÐ RAGNARS ÞORSTEINSSONAR, SVIÐSSTJÓRA SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐS, TIL SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐS

Reykjavík, 1. nóvember 2013

SFS2013090256

49. fundur / fskj. 7.2

Minnisblað

Viðtakandi: Skóla- og frístunðaráð

Sendandi: Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla- og frístunðasviðs

Efni: Frístunðaaakstur

Frá árinu 2010 hefur borgin í samvinnu við íþróttafélög í borginni boðið upp á frístunðaaakstur fyrir yngstu börnin á íþróttæfingar. Það sem lagt var til grundvallar var að bjóða börnum í 1. og 2. bekk upp á akstur á íþróttæfingar sem fara fram fyrir kl. 16:30 á daginn og ef starfið er ekki í göngufæri fyrir börn frá frístunðaaheimilum, sjái viðkomandi félag um að flytja börnin á æfinguna. Aksturinn stendur öllum börnum á þessum aldri til boða, án tillits til þess hvort þau eru á frístunðaaheimilum eða ekki. Um er að ræða aðra leiðina, en foreldrar sækja börnin á æfingarnar í lok dags. Alla jafna geta félögin óskað eftir að foreldrar greiði það sem samsvarar strætókostnaði fyrir farið. Aksturinn má einnig nýta fyrir börn í 3. og 4. bekk ef tíminn hentar og ef pláss er í rútunni. Annars er gert ráð fyrir að börn í 3. bekk og eldri verði þjálfuð í því að taka strætó. Íþróttafélögum er uppálagt að stilla æfingatíma með tilliti til strætó.

ÍBR hefur kannað tengsl nálægðar íþróttamannvirkja og þátttöku barna í íþróttum. Það kemur greinilega fram að því lengra sem börnin búa frá íþróttaaðstöðunni því síður taka þau þátt í íþróttum. Stórar umferðaræðar hafa jafnframt mjög mikil neikvæð áhrif. Frístunðaaakstur á íþróttæfingar þar sem að foreldrar sækja börnin á æfingar eftir að þeim lýkur hafa gefist vel og merkjanleg aukning hefur orðið á þátttöku. Einnig er mjög jákvætt fyrir fjölskyldur þessara barna að hafa lokið „vinnuðegi“ barnanna um leið og vinnuðegi foreldranna lýkur auk þess sem betri nýting næst í mannvirkjunum. Í þessari vinnu þarf samt að huga að því að foreldrasamstarf félaganna minnki ekki.

Íþróttafélögin eru hvött til að bjóða upp á fjölbreyttari íþróttaiðkun fyrr á daginn þar sem börnunum standa fleiri íþróttagreinar til boða sem þar af leiðandi myndi draga úr brottfalli til framtíðar, sbr. rannsóknir. Þessu máli til stuðnings má geta þess að 65% allra grunnskólabarna í 3. bekk stunðaa íþróttir en svo fer hlutfallið lækkandi með hækkandi aldri. Það er því mikilvægt að hefja þessa för barnanna með sem jákvæðustum hætti þar sem fjölbreytni íþróttastarfs er haft í heiðri.

Kostnaðarþátttaka foreldra í akstri á æfingar er mismunandi. Einungis tvö félög innheimta sérstaklega, þ.e. Valur rukkar foreldra 5.000 kr. í akstursgjald vegna æfinga einu sinni í viku og 9.000 kr. vegna æfinga tvisvar í viku fyrir önnina og Þróttur/Árman rukka foreldra um 7.000 kr.

akstursgjald hverja önn. Önnur félög innheimta ekki sérstaklega akstursgjald þar sem að þau vilja ekki mismuna íbúum hverfisins. Í staðinn er þetta í einhverjum tilfellum lagt ofan á æfingagjöld og/eða tekið af öðrum liðum í rekstrinum. Það má ekki gleyma því, að með því að innheimta ekki sérstaklega þá treysta fleiri sér til að taka þátt í starfinu og þar að leiðandi aukast tekjur félaganna umfram gjöldin.

Á heildina litið hefur frístundaaksturinn gengið vel og hefur hann haft marga góða hluti í för með sér eins og aukna þátttöku, betra aðgengi, jafnari þátttöku milli íþróttagreina, aukna samfelli í skóladegi barnanna og betri nýtingu mannvirkja. Með auknum fjölda barna sem nýta sér aksturinn og mikilli hækkun á eldsneytisverði, þá hefur sá hluti kostnaðar við aksturinn sem leggst á íþróttafélögin hækkað. Í upphafi var kostnaðarþáttur félaganna um það bil þriðjungur af heildarkostnaði en í dag nemur hann um helmingi.

Styrkur til íþróttafélaganna hefur verið óbreyttur eða 10 milljónir frá 2010. Frá 1. janúar 2011 til 1. janúar 2013 hækkaði vísitala neysluverðs um 13% á meðan að verð á díselolíu hækkaði um 30%. Það er ósk íþróttafélaganna að úthlutun verði 11.715 þús. fyrir árið 2014. Auk þess óska þau eftir bætingu vegna vísitöluhækkana árána 2011-2013 ca. 2.337 þús. Þær óskir eru í samræmi við verðlagshækkanir.

14. október 2013

Minnisblað til framkvæmdastjórnar SFS vegna samgangna barna og unglunga

Starfshópur um frístundaakstur hefur að undanfögnu fundað með fleiri aðilum sem koma að samgöngum barna og unglunga í skóla- og frístundastarfi. Hópurinn hefur hitt Einar Kristjánsson hjá Strætó bs., Kristinn Jón Eysteinnsson hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar og Júlíus Sigurbjörnsson í fjármáladeild SFS.

Kveikjan að þessum áhuga okkar kemur m.a. frá ráðstefnunni Stuð í strætó, ráðstefnunni Hjólað til framtíðar og stefnumótunarhóp SFS um hjólreiðar barna og unglunga.

Hreyfingarleysi barna er alvarlegt vandamál sem hefur áhrif á líðan barna og í senn allt borgarskipulagið. Heildarkostnaður vegna aksturs eykst ár frá ári, sbr. vegna skólaskutls, frístundaaksturs, Strætó og allrar gatnagerðar sem því fylgir. Að okkar mati ber að fylgja betur í verki þeirri samgönguáætlun sem samþykkt var árið 2006. Þar kemur fram að nýta skuli:

„...þau sóknarfæri sem felast í göngu og höfða sérstaklega til foreldra að láta börn sín ganga eða hjóla í skóla... ..Markvisst fræðsluáttak gegn akstri með börn til og frá skóla getur sýnt foreldrum fram á aðra möguleika með öruggum leiðum, jafnvel í fylgd með fullorðnum eða með almenningsvögnum.

Einnig kallar nýtt aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 á aðgerðir:

„ Efling vistvænna ferðavenja er leiðarljós í allri stefnumörkun Reykjavíkurborgar. Lykillinn að því að ná árangri í að breyta ferðavenjum er að tryggja samspil ákvarðana um þéttingu byggðar og umbætur er varða almenningssamgöngur, hjólreiðar og gangandi vegfarendur.“

Borg fyrir fólk:

„Markmiðið er að hverfi borgarinnar verði sjálfbærari, mannvænni og fjölbreyttari þar sem allir félagshópar fá tækifæri til búsetu.

Í starfsáætlun SFS 2013 er kveðið á um það að börn verði sérstaklega hvött til að koma sér sjálf á milli staða og samfara því muni sviðið kanna nýtingu helstu samgönguhátta, sbr. Strætó og frístundaaksturs. Starfshópur um frístundaakstur hverfafélaganna hefur unnið út frá minnisblaði frá árinu 2010 þar sem m.a. er miðað við að aksturinn sé í boði á æfingar fyrir kl. 16:30 fyrir börn í 1. og 2. bekk. Hópurinn telur þörf á ítarlegri og víðtækari stefnumótun um þessi mál.

Gagnasafn sem til er hjá umhverfis- og skipulagssviði hefur vakið athygli okkar, en þar hefur verið kortlagt hvernig börn fara í grunnskólann. Þessi gögn eru til fyrir alla grunnskóla

Reykjavíkurborgar og þau hafa m.a. verið nýtt vegna snjómoksturs, stígagerðar og áhættustjórnunar. Áhugavert væri að SFS og USK kortlegðu saman ferðir grunnskólabarna eftir skólatíma og í frístundastarfi og stefna mörkuð í kjölfarið.

Undirrituð vilja hvetja til þess að farið verði í þessa vinnu og að stefna um ferðavenjur barna og unglunga í Reykjavík hafi það að meginmarkmiði að börn og unglingar velji í auknu mæli að ganga, hjóla eða taka strætó til að fara ferða sinna. Þannig verði markvisst dregið úr því að börnum sé skutlað á einkabílum í skóla- og frístundastarf og um leið skapast meira öryggi fyrir gangandi og hjólandi.

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, Guðrún Kaldal, Kjartan F. Ásmundsson,

Kristinn Jón Eysteinnsson og Júlíus Sigurbjörnsson.

FYLGISKJAL 8: DRÖG AÐ VERKLAGSREGLUM UM FRÍSTUNDAAKSTUR HVERFISÍÞRÓTTAFÉLAGANNA Í REYKJAVÍK

Nefnd skipuð fulltrúum SFS (áður frá ÍTR) og ÍBR hefur útteilt fjármagni til hverfisíþróttafélaganna í Reykjavík vegna frístundaaksturs frá árinu 2010. Frístundaaksturinn hefur fram til þessa verið framkvæmdur í samræmi við minnisblað nefndarinnar frá desember 2009. Verklagsreglur þessar eru unnar út frá minnisblaðinu með hliðsjón af þeirri þróun sem orðið hefur á frístundaakstrinum frá þeim tíma.

Tilgangur frístundaaksturs:

- Jafna tækifæri barna til að stunda íþróttir
- Auka samveru foreldra og barna með því að færa íþróttæfingar fyrir börn í 1.-4. bekk fyrir á daginn
- Betri nýting á íþróttamannvirkjum

Verklag

1. Útfærsla

Hverfisíþróttafélögin í Reykjavík bjóða börnum í 1. og 2. bekk innan þess hverfis sem þau starfa upp á akstur/fylgd frá frístundaheimilum á íþróttæfingar sem hefjast fyrir kl. 16:30 á daginn. Aksturinn/fylgdin stendur öllum börnum á þessum aldri til boða, án tillits til þess hvort þau eru á frístundaheimilum eða ekki. Um er ræða aðra leiðina, en foreldrar sækja börnin á æfingar að þeim loknum.

Gert er ráð fyrir því að börn í 3. bekk og eldri séu þjálfuð af foreldrum og starfsfólki frístundaheimila í því að koma sér sjálf á æfingar t.d. með því að fara hjólandi, gangandi eða taka strætó. Íþróttafélög leitist við að stilla æfingartíma fyrir þennan aldurshóp með tilliti til ferða strætó.

2. Öryggi

Það er á ábyrgð foreldra að frístundaheimili viti hvenær börn eiga að fara á æfingar. Starfsmenn frístundaheimila fylgja þeim sem eru skráð í frístundaheimili á þann stað sem íþróttafélagið sækir á. Íþróttafélög útvega starfsfólk í rútur/strætó og bera þá ábyrgð á þeim frá því að þau koma í rútuna og þar til æfingu/m lýkur. Ef hins vegar 14-16 börn eða fleiri eru að fara á æfingu á sama stað á sama tíma frá frístundaheimili, skal starfsmaður frá frístundaheimilinu fylgja þeim og bera ábyrgð fram að æfingu. Þetta á við hvort heldur sem þau fara gangandi, með strætó eða rútu, svo lengi sem mönnun og aðstæður leyfa. Íþróttafélög tryggja að bílstjórar sem sjá um akstur á þeirra vegum og annað starfsfólk í vögnum séu með hreina sakaskrá.

3. Fjármagn til íþróttafélaga

ÍBR fær fjármagn vegna frístundaaksturs hverfisíþróttafélaganna frá Reykjavíkurborg. Félagin geta sótt um styrki, ýmist fyrir rútukostnaði og/eða starfsmönnum sem fylgja börnunum í rútuna eða strætó. Þar sem öll börn eiga jafnan rétt á þátttöku í tólmstundum og samgöngur innan hverfa eru misgóðar þá er hvert og eitt hverfi metið sérstaklega.

4. Kostnaður fyrir foreldra

Gert er ráð fyrir að foreldrar greiði sem samsvarar strætókostnaði fyrir farið og æskilegt er að foreldrar skrái börn og greiði fyrir þjónustuna í gegnum skráningarkerfi íþróttafélaganna.